

**Nd.**

**169. Frumvarp**

til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Flutningsm.: Jóhann P. Jósefsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram úr ríkissjóði, þegar fje er fyrir hendi, alt að 70 þúsund krónum, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja, til þess að gera við og ljúka við að byggja hafnargarðana og til nauðsynlegustu mannvirkja innan hafnar í Vestmannaeyjum.

Tillagið úr ríkissjóði er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ástæður.

Útskriftir þær úr gerðabók hafnarnefndar Vestmannaeyjakaupstaðar, sem hjer fara á eftir, sýna, hver þörf er enn endurbóta á hafnarmannvirkjum þeim, er hjer um ræðir. Að öðru leyti mun frekari grein gerð fyrir frumvarpinu í framsögu.

### Fylgiskjal I.

## ÚTSKRIFT

úr gerðabók hafnarnefndar Vestmannaeyjakaupstaðar.

Ár 1929, föstudaginn 15. mars var fundur haldinn í hafnarnefnd Vestmannaeyja að Reyni kl. 6 e. h. Mættir voru nefndarmennirnir Þorbjörn Guðjónsson, Þorsteinn Jónsson, Ólafur Auðunsson, Ársæll Sveinsson og settur bæjarstjóri. Ennfremur Geir Guðmundsson hafnarvörður.

Fyrir tekið:

... ..

### 2. Hafnarmannvirkin.

Vegna þess að ekki verður hægt að framkvæma fyrri en í sumar þær botnrannsóknir, sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sje að gera fyrirhugaðan uppyllingarvegg frá bæjarbryggju í Básasker, hefir nefndin orðið sammála um, að fresta beri framkvæmd þess verks, þar til nauðsynlegar rannsóknir hafa farið fram.

Hinsvegar telur nefndin óumflýjanlegt, að á komandi sumri verði unnið að endurbótum á Hringskersgardinum. Að haldið verði áfram styrkingu garðhaussins, sem ekki varð lokið við síðastliðið sumar, og bættar verði skemdir þær, sem urðu á gardinum í janúar s. l. Fyrri en endurbótum þessum er lokið að fullu, getur garðhausinn eigi talist öruggur.

Enn er eftir að byggja upp hausinn á Hörgeyrargarði, ofan á undirstöðu þá, sem lögð var síðastliðið sumar. Er mjög nauðsynlegt, að því verki verði lokið næsta sumar, og að settur verði viti á garðhausinn.

Í siglingaleiðinni hefir verið mjög mikið af grjóti, sem bagað hefir umferðina. Síðastliðin tvö sumur hefir grjót þetta verið tekið upp eftir föngum, en þó er ennþá mikið eftir. Innan við Hringskersgardinn er enn stór grjótreyri, sem þrengir innsiglinguna og er til trafala umferðinni. Úr henni berast líka oft steinar út í siglingaleiðina.

Þetta grjót verður alt að hreinsast burtu og þolir það verk enga bið, ef innsiglingin á að verða greið og góð.

Til þess að standast kostnaðinn við framkvæmd nefndra endurbóta, sem er meiri en hafnarsjóður einn geti staðist straum af, þá leggur hafnarnefndin til, að farið sje fram á það við yfirstandandi Alþingi, að rikissjóður greiði þrjðjung þess, sem endurbætturnar koma til með að kosta

Nefndin vill benda á, að það er ekki síður hagsmunamál fyrir rikissjóð, — landeigandann, — heldur en Eyjarnar sjálfar, að mannvirkjum þessum verði komið í viðunandi horf.

Má, í þessu sambandi minna á, hversu tekjur rikissjóðs hjeðan eru orðnar miklar, um 1/2 miljón árlega.

Með tilliti til þessa alls, telur nefndin fylstu sanngirniskröfu, að Vestmannaeyingar fái riflegan styrk úr rikissjóði til hafnarframkvæmda sinna.

... ..

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Jóh. Gunnar Ólafsson.

Þorst. Jónsson, Geir Guðmundsson, Ólafur Auðunsson,  
Ársæll Sveinsson, P. Guðjónsson.

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar 16. mars 1929.

... ..

Rjetta útskrift staðfestir.

Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum, 17. mars 1929.

Jóh. Gunnar Ólafsson,  
settur.

## Fylgiskjal II.

### ÚTSKRIFT

úr gerðabók hafnarnefndar Vestmannaeyjakaupstaðar.

Ár 1929, föstudaginn 15. mars var fundur haldinn í hafnarnefnd Vestmannaeyja að Reyni kl. 6 e. h. Mættir voru nefndarmennirnir Þorbjörn Guðjónsson, Þorsteinn Jónsson, Ólafur Auðunsson, Ársæll Sveinsson og settur bæjarstjóri. Ennfremur Geir Guðmundsson hafnarvörður.

Fyrir tekið:

... ..

#### 3. Bryggja á Bäsaskeri.

Vjelbátaflotinn er orðinn svo stór, að til hinna mestu vandræða horfir vegna þrengsla og skorts á afgreiðsluplássi yfir vertíðina. Í vetur ganga hjeðan um eitt hundrað vjelbátar, og eru mikil líkindi til að þeim fjölgí enn næstu vertíð. Þessi skortur á plássi fyrir bátana til að afgreiða

sig við, er orðinn svo tilfinnanlegur og til svo mikils tjóns, að eigi verður lengur dregið að bæta úr því á einhvern hátt.

Heppilegustu lausnina á þessu máli telur nefndin, að byggð verði bryggja á Básaskeri. Þyrfti hún að vera ca. 70 m. löng og ca. 10—12 m. breið. Hefir vitamálastjóri áætlað, að bryggja af þessari stærð, á þessum stað, mundi kosta 40 þúsund krónur.

Leggur nefndin til að á næsta sumri verði bryggja þessi byggð, og verði verkinu lokið fyrir næstu vertíð.

Nefndin leggur til, að farið verði fram á sömu styrkveitingu úr ríkissjóði til þessa mannvirkis og farið hefir verið fram á til annara hafnarmannvirkja hjer.

... ..

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Jóh. Gunnar Ólafsson,

Þorst. Jónsson, Geir Guðmundsson, Ólafur Auðunsson, Ársæll Sveinsson,  
P. Guðjónsson.

... ..

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar 16. mars 1929.

... ..

Rjetta útskrift staðfestir.

Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum, 17. mars 1929.

Jóh. Gunnar Ólafsson,  
settur.